

Kennari:
Bryndís Ósk Bragadóttir
Lísa Mjöll Ægisdóttir
Kristín Björk Hallvarðsdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk

Tímafjöldi:
6 kennslustundir á viku

Bekkur:
1. - 2. bekkur

Sögugerð

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta.

Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar. Þeir þurfa jafnframt að eiga þess kost að umrita og bæta texta sína eftir því sem þurfa þykir og geta nýtt sér ýmis tiltæk hjálpartæki í því skyni.

Sögugerð

| Námsþættir: | Námsefni: | Hæfniviðmið <i>Að nemandi:</i> | Leiðir: |
|-----------------|--|--|--------------------------------|
| Ritun | Spjaldtalva Puppet Pals HD og Puppet Pals 2 Book creator Ritunarvefurinn Hugarkort Stopmotion | <ul style="list-style-type: none">– nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.– geti byggt upp sögu með persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.– geti samið texta sem er byggður eigin sköpun.– þekki uppbyggingu sögu, upphaf, miðju og endir. | Einstaklingsvinna Hópavinna |
| Námsmat: | Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum. | | |

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

| | |
|--|--------------------|
|  | Framúrskarandi |
|  | Hæfni náð |
|  | Á góðri leið |
|  | Þarfnast þjálfunar |
|  | Lokið |
|  | Ólokið |
|  | Undanþága |